

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps nr. 580/2013.

1. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. samþykktarinnar:
- a) Ný málsgrein bætist við greinina og verður 9. mgr.:
- Jafnréttisnefnd.* Sveitarstjórn fer með jafnréttismál skv. lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008.
- b) Eftirfarandi breytingar verða á liðnum „*Stjórnir og samstarfsnefndir*“:
- 1.-4. mgr. breytast og verða svohljóðandi:
- Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu og skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshvíls.* Sveitarstjórn Hrunamannahrepps kýs einn fulltrúa og annan til vara til setu í yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu sjö sveitarfélaga í Árneshvíslu (NOS), samkvæmt samningi þar að lútandi.
- Fulltrúi Hrunamannahrepps í yfirstjórn (NOS) hefur umboð til að taka þátt í skipun í sjö manna sameiginlega skólaþjónustu- og velferðarnefnd á starfssvæði skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, 21. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skóla- og velferðarþjónustusvæðið heitir Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls og nefndin skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls.
- Fulltrúar í skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls eru sjö auk jafnmargra varamanna og koma þeir úr Sveitarfélaginu Ölfusi, Hveragerðisbæ, Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi og Flóahreppi.
- Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls fer með stjórn sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992. Þá skipar nefndin fulltrúa í þjónustuhóp um málefni aldraða skv. 7. gr. laga nr. 125/1999 sem verður fulltrúi allra sveitarfélaganna sem að nefndinni standa, fer með áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.
- c) 5. mgr. breytist og verður svohljóðandi:
- Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða.* Þrettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, sem starfar skv. sérstöku samkomulagi. Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustusvæði. Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og félagsþjónustu (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.
- d) 17. mgr. sem varðar „*Stjórnir og samstarfsnefndir*“ fellur brott.

2. gr.
Gildistaka.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur sett skv. ákvæðum, 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 22. maí 2014.

F. h. r.
Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. júní 2014